

Rannsóknaraðferðir og tölfræði III

E-411-RATO



Ár: 2. ár.

Önn: Vorönn.

Tegund námskeiðs: Skylda (kjarnanámskeið).

Undanfarar: E-114-RATO og E-315-RATO.

Skipulag: 4 stundir á viku í 12 vikur.

Kennari: Þorlákur Karlsson.

Lýsing: Í námskeiðinu verða flóknari úrvinnsluaðferðir í sálfræðirannsóknnum kenndar og æfðar, svo sem þáttagreining (factor analysis) og blandaðar aðferðir fjölþátta rannsóknarsniða í flóknum dreifigreiningum (ANCOVA, factorial ANOVA, repeated-measures ANOVA og MANOVA) og í aðhvarfsgreiningu (multiple regression). Kennslan fer fram að nokkru í fyrirlestrum en ekki síst í verklegum tímum/dæmatímum, þar sem þessar aðferðir eru æfðar í SPSS. Lögð er rík áhersla á að kunna að beita aðferðunum í SPSS og túlka niðurstöður.

Lærdómsviðmið: Að námskeiði loknu á hver nemandi að geta:

Þekking

- Þekkt fjölbreytu-tölfræðiaðferðirnar aðhvarfsgreiningu (regression), dreifigreiningu (analysis of variance) og þáttagreiningu (factor analysis) þegar þeim er lýst og útskýrt þær fyrir öðrum.
- Borið saman aðferðirnar þannig að aðrir skilji hver sé munur þeirra og á hvaða hátt þær eru líkar

Leikni

- Valið rétta fjölbreytu-tölfræðiaðferð, þ.e. aðhvarfsgreiningu, dreifigreiningu og þáttagreiningu eða sagt að engin hæfir, við úrvinnslu rannsóknarniðurstaðna.
- Túlkað niðurstöður úrvinnslu tölfræðihugbúnaðar (t.d. SPSS) þar sem aðferðunum þremur er beitt.
- Skrifað um, útskýrt og metið niðurstöður á tölfræðiaðferðunum þremur í skýrslu.
- Metið hvort forsendur hvernar aðferðar fyrir sig standist í tilteknum rannsóknargögnum.

Hæfni

- Beitt þessum þremur tölfræðiaðferðum með stuðningi hugbúnaðar (t.d. SPSS) við úrvinnslu rannsóknargagna.

Námsmat: Verkefni og lokapróf.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, hópvinna og umræðutímar.

Tungumál: Íslenska.

ECTS: 6.